

Áveitan

10. tbl. 6. árgangur. Október 2012

Tónahátíð

Fyrsti viðburður í hinni árlegu Tónahátíð félagsheimilanna í Flóahreppi verður 6. október n.k. en þá munu Hlín Pétursdóttir Behrens, sópran, Hólmfríður Jóhannesdóttir, mezzósópran og Jón Sigurðsson píanóleikari verða með söngtónleika í Þjósárverri kl. 20.30.

Þau hafa öll dvalið erlendis um lengri eða skemmtri tíma við nám og tónlistarstörf en starfa nú í Reykjavík. Tríóið var stofnað fyrir rúmu ári síðan og hafa þau m.a. komið fram á sumartónleikum á Austurlandi og í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Á efnisskránni eru aríur og dúettar, m.a. eftir Pál Ísólffson, Henry Purcell, Johannes Brahms, W.A. Mozart og Georges Bizet. Einnig verða fluttir gamandúettar eftir Þórunni Guðmundsdóttur og Hildigunni Rúnarsdóttur ljóð eftir Davíð Þór Jónsson.

Miðaverð er kr. 2.000. Nánari upplýsingar í sínum 692-8565 og 691-7082.

Laugardaginn 13. október verða haldnir tónleikar með hljómsveitinni Dirrindí í Félagslundu.

Dirrindí var stofnuð árið 1995 af Jónasi Má Hreggviðssyni og Guðmundi Þór Jóhannessyni. Markmiðið var strax að semja og flytja frumsamda tónlist og fljótlega var til safn úrvaskvæða um ýmis hugðarefni, vini, vandamenn og nærsveitunga. Árið 2009 voru svo öll herlegheitin gefin út á disknum Lóan er komin.

Dirrindí leikur bæði hrynfast karlrembuskotið rokk og léttleikandi gleðitóna sem nefnast einu nafni Flóarokk. Meðlimir Dirrindí eru Jónas Már Hreggviðsson, Guðmundur Þór Jóhannesson, Sigurður Óli Kristinsson, Ingólfur Arnar Þorvaldsson og Daníel Snorrason; allir nátengdir Hraungerðishreppi hinum forna.

Miðaverð er kr. 2.000. Nánari upplýsingar í sínum 692-8565 og 691-7082.

Síðasti viðburður Tónahátíðar á þessu hausti verður auglýstur síðar

Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra:

Hvatastyrkir

Mínt er á að frestur til að skila inn umsóknum um hvatastyrki á haustönn er til 1. nóvember n.k.

Foreldrar og forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára sem lögheimili eiga í Flóahreppi geta sótt um hvatagreiðslur fyrir skipulagt starf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþóttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar og skátastarf. Tónlist, tónlistarnám og líkamsræktarkort falla ekki undir niðurgreiðslu æfingargjalda.

Staðfesting á greiðslu þarf að fylgja umsókn þar sem fram kemur nafn og kennitala félags, dags. greiðslu til félags, æfingartímabil ásamt nafni og kennitölu iðkanda.

Einnig er bent á að umsóknir um styrki vegna æfinga- og keppnisferða þurfa að berast fyrir 1. nóvember.

Umsóknir berist til skrifstofu Flóahrepps, Þingborg.

Allar frekari upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Flóahrepps,

<http://www.floahreppur.is/stjornsysla/samthykkir-og-reglur/>.

Ný heimasíða skipulags- og byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps

Athygli er vakin á nýrri heimasíðu skipulags- og byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps en þar má sjá fundargerðir skipulags- og byggingarnefndar ásamt afgreiðslu byggingarfulltrúa og þeim málefnum sem viðkoma embættinu. Slóðin á heimasíðuna er <http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/index.cfm?page=fors> og best er að tengjast henni beint í gegnum heimasíðu Flóahrepps þar sem hægt er smella á slóðina.

Þróunar- og tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Þjónustuvæði Suðurlands í málefnum fatlaðra auglýsir eftir þátttakendum í sérstakt þróunar- og tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) á þjónustuvæði sínu.

Um er að ræða tveggja ára tilraunaverkefni en gert er ráð fyrir því að NPA verði lögbundin þjónusta árið 2014.

NPA er þjónustuform sem byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf, að fatlað fólk geti með persónulegri aðstoð valið hvernig þjónustunni er háttað. NPA byggir jafnframt á samkomulagi um mat á stuðningsþörf sem unnið er í samstarfi við félagsþjónustuna í heimabyggð.

Gert er ráð fyrir að einstaklingar, sem sótt geti um, falli undir lög um málefni fatlaðs

fólks nr. 59/1992, séu á aldrinum 16-66 ára, þurfi daglega aðstoð og eigi lögheimili í umdæmum Velferðarþjónustu Árnesþings.

Foreldrar fatlaðra barna á aldrinum 16-18 ára, sem þurfa daglega aðstoð, geta sótt um NPA (þó ekki fyrir grunnskólanemendur).

Unnið er að gerð regla um tilraunaverkefnið í samræmi við handbók verkefnisstjórnar um NPA á landsvísu og leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins og verða umsóknir afgreiddar þegar þær reglur hafa verið samþykktar og tekið gildi. Þar sem um tilraunaverkefni er að ræða verður horft til fjölbreytni í vali á þátttakendum í verkefnið.

Umsóknarfrestur er til 5. október 2012

Umsóknir skulu berast til viðkomandi félagsþjónustu en þar er hægt að nálgast umsóknareyðublöð og einnig á heimasíðu sveitarfélags, <http://www.floahreppur.is/stjornsysla/felagsmal/>.

Velferðarþjónusta Árnesþings;
Sunnmörk 2, Hveragerði, sími 483-4000
Laugarási, sími 480-1180

Uppsögn fréttaritara RÚV á Suðurlandi

Sveitarstjórn Flóahrepps mótmælti því á fundi sínum í september að staða fréttaritara RÚV á Suðurlandi hafi verið lögð niður.

Einnig mótmælti sveitarstjórn hækkun á virðisaukaskatti á gistingu úr 7% í 25,5%.

Ferðarþjónusta er mikilvæg atvinnugrein á Suðurlandi og hækkun virðisaukaskatts getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir greinina.

Ljósmyndasamkeppni ungra bænda

Samtök ungra bænda efna til ljósmyndasamkeppni undir heitinu “Bændur að störfum” í tengslum við útgáfu sína á dagatali fyrir árið 2013. Myndirnar þarf að senda inn fyrir 15. október og þurfa þær að vera að lágmarki af stærðinni 300dpi, vera láréttar (landscape), mega vera í lit og/eða svarthvítar og senda undir nafni og símanúmeri eiganda myndarinnar.

Ljósmyndasamkeppnin er opin öllum. Veitt verða verðlaun fyrir bestu myndina, sem prýða mun forsíðu dagatalsins auk eins mánaðarins. Myndirnar skal senda á netfangið ungurbondi@gmail.com

og þar má fá nánari upplýsingar sem og á heimasíðu samtakanna, ungurbondi.is

Bólusetningar

Sauðfjárnændur eru minntir á að láta bólusetja fé sitt.

Einnig eru íbúar minntir á að láta ormahreinsa hunda sína og ketti.

Til eigenda óskráðra hunda í Flóahreppi

Minnt er á skráningu hunda samkvæmt samþykkt um hundahald í Flóahreppi.

Skráningargjald er 1.500 kr. sem er innheimt í eitt skipti.

Allar frekari upplýsingar fást á skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370.

Búfjáreftirlit

Minnt er á gjald sem tekið er fyrir sérstaka haustskoðun og eru bændur hvattir til að skila inn skýrslum til að komist verði hjá innheimtu slíkra gjalda.

HAUSTFUNDUR KVENFÉLAGS HRAUNGERÐISHREPPS

Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn þriðjudagskvöldið 9. október næstkomandi hjá Ferðapjónustunni Vatnsholti í Flóahreppi klukkan 20:30. Venjuleg fundarstörf. Athugið að þessu sinni er ekki kaffihópur heldur greiðir hver kona fyrir sig.
Kveðja stjórnin.

Folaldakjöt og hrossakjöt

Slátrað verður um mánaðarmótin nóv.-des.
Hægt er að panta 1 , ½ eða ¼ skrokk. Kjötið verður úrbeinað og vakuumpakkað, saltað eða sett í bjúgu, tilbúið í frysti.
Verð: folaldakjöt: 1450 kr/kr
hrossakjöt: 1000 kr/kg
saltkjöt og bjúga: 850 kr/kg

Tekið er á móti pöntunum:

Pia í Kolsholtshelli 486 33 52 eða 849 54 89

Kæru sveitungar

Hjartans þakkir fyrir góðar gjafir, kveðjur og hlýhug í minn garð á afmælisdaginn minn þann 26. september síðastliðinn.

Elfa Kristinsdóttir
Rimum 6

Söngkvöld

Söngkvöld verður í Þjósárveri lau. 27. okt. Húsið verður opnað kl. 20
Söngbækur á staðnum, sögumaður og einsöngur.
Söngstjóri Ingi Heiðmar Jónsson

Fréttir frá Krakkaborg

Þá er haustið gengið í garð með allri sinni litadýrð og höfum við í Krakkaborg tekið því fagnandi. Veðrið hefur yfirleitt verið okkur hliðhollt og höfum við því verið dugleg í útvistinni bæði í leik sem og öðrum verkefnum. Við erum búin að taka upp allt grænmetið úr matjurtagarðinum okkar og þó svo að uppskeran hafi ekki verið ýkja mikil þá bragðaðist allt mjög vel og voru börnin hæstánægð með að fá að smakka á góðgætinu.

Í byrjun september kom hún Johanna Ramberg til okkar en hún er nemi í leikskólakennarafræðum frá háskólanum í Kalmar í Svíþjóð. Dvöl hennar hér hjá okkur er hluti af námi hennar og tekur hún virkan þátt í leik og starfi með börnunum undir handleiðslu Mareike Schacht, deildarstjóra á Strumpadeild. Johanna vann m.a. mjög skemmtilegt verkefni um bragðlaukana með elstu börnum Strumpadeildar en þar fengu börnin að smakka á ólíkum matartegundum og skoða hvernig matur getur verið ólíkur á bragðið. Johanna verður hjá okkur til 12. október.

Þann 17. september sl. kom 1. bekkur Flóaskóla ásamt umsjónarkennara sínum til okkar í heimsókn. Það var virkilega gaman að hitta krakkana aftur og voru fagnaðarfundir hjá mörgum og mikil gleði. Þau byrjaðu á því að fara í samverustund með krökkunum á Tígradeild þar sem var sungið og spjallað og síðan fóru allir út að leika saman. Elstu börn Tígradeildar fara svo í sína fyrstu heimsókn í Flóaskóla 14. október n.k.

Það er nóg að gera framundan hjá okkur í Krakkaborg. Föstudaginn 5. október verður Haustþing leikskólastarfsmanna á Suðurlandi haldið á Hótel Selfossi. Haustþingið er hluti af endurmenntun leikskólastarfsfólks en þar er í boði fjöldi áhugaverðra fyrirlestra og vinnustofa um ýmis málefni sem nýttast starfsfólki leikskóla í starfi. Þar má m.a. nefna þjóðfund um leikinn, fyrirlestur um áhrif ofbeldis, börn og sorg, sterka liðsheild, ADHD, stærðfræði, tónlist, gæðaeftirlit í mötuneytum, félagsfærni, læsi, útikennslu og hugmyndir leikskólabarna um framtíðarstarf.

Í október verða einnig haldin fjölskyldukaffi á hverri deild en þá bjóða börnin fjölskyldum sínum upp á kaffi og léttar veitingar á sinni deild. Fyrri hluti foreldraviðtala fyrir skólaárið 2012 - 2013 verða einnig í október.

Með kveðju,

Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir. Aðstoðarleikskólastjóri, Krakkaborg



Frá Samhygð

Kristinn Þór valinn frjálsíþróttakarll HSK

Frjálsíþróttaráð HSK hélt lokahóf sitt 22. september og voru þar veittar ýmsar viðurkenningar fyrir góða ástundun og árangur á nýyfirstöðnu keppnistímabili. Meðal annars voru valin frjálsíþróttakarll og kona ársins að mati þjálfara, Ólafs Guðmundssonar. Samhygðarmaðurinn Kristinn Þór Kristinsson var valinn frjálsíþróttakarll ársins og birtum við hér meðfylgjandi samantekt Ólafs að þessu tilefni um leið og honum eru fluttar hamingjuóskir.

Frjálsíþróttakarll ársins var valinn Kristinn Þór Kristinsson, Samhygð. Kristinn var ósigrandi í sinni aðalgrein 800 m. sl. sumar, hann varð Íslands- og bikarmeistari með miklum yfirburðum ásamt því að verða bikarmeistari í 1500 m. hlaupi einnig. Kristinn fór erlendis í ágúst og keppti þar á tveim sterkum mótum í 800 m. hlaupi og rauf í fysta sinn 1:54 mín. múrinn er hann hljóp á 1:53,77 mín. Þá bætti Kristinn sinn persónulega árangur í 400 m. hlaupi á árinu er hann hljóp á 50,76 sek. en hann átti áður 51,22 sek. Það má því með sanni segja að Kristinn Þór sé millivegalengdakóngur ársins 2012.

Glímufréttir

Nýbreytni í æfingafyrirkomulagi

Glímuæfingar eru hafnar í Félagslundi og komnar á fullt skrið. Þær eru á mánudagskvöldum frá 20:00 til 21:00. Frá og með þessari viku verða einnig glímuæfingar fyrir 14 ára og eldri á fimmtudagskvöldum frá kl. 20:00 til 21:30. Þetta er gert að ósk eldri iðkenda sem fá frekara næði og rými til æfinga með þessu móti auk þess aukið svigrúm myndast á mánudagskvöldum fyrir yngri iðkendur og byrjendur. Eins og áður eru allir frá 3. bekk og eldri velkomnir og þjálfari er Stefán Geirsson.

Fyrsta mót vetrarins

Þann 27. október verður haldin fyrsta umferð í Meistarmóti Íslands auk þess að glímt verður á Meistarmóti og Sveitaglímu 15 ára yngri á Reyðarfirði. Reiknað er með að Þjótandi sendi a.m.k. 6 keppendur austur með glímudrottninguna Marínu Laufey þar fremsta í flokki.

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 14. október kl. 14:00.

Prestur er Sr. Anna Sigríður Pálsdóttir.

Frá Tré og list Forsæti Flóahreppi

<http://www.treoglist.is>

Dagskrá safnahelgar 1. - 4. nóv. 2012:

Opið fimmtudag til sunnudags frá kl: 13:00 til 17:00.

Opnuð ljósmyndasýning Ólafs Sigurjónssonar, *Veður*, laugardag kl 16.

Blústonleikar Tryggva Sveinbjörnssonar. Tryggvi er nágrenni okkar á Heiði í Rangárþingi og því sveitamaður í húð og hár. Hann hefur spilað tónlist frá barnæsku og komið fram með hljómsveitum. Hann lagði leið sína til Bandaríkjanna til að kynna sér contry tónlist en fyrir tilviljun vaknaði áhugi hans á blues tónlistinni. Tryggvi hefur getið sér gott orð og nú síðast á Norden Blues festival á Hvolsvelli um hvítasunu 2012.

Af tilefni 5 ára afmælis Tré og list er frír aðgangur þessa helgi og ánægjulegt að sjá sem flesta.

Bergþóra og Ólafur



Höfum opnað fjoltækniverkstæði í Kolsholti 1.

Tökum að okkur almennar viðgerðir, bílamálun, járnsmíði, umfelgun og dekkjaviðgerðir.

Kristinn Matthías Símonarson. S. 8697625

Sigmar Örn Aðalsteinsson. S. 6968653

fjoltaekni@gmail.com

Úrslit af unglingslandsmótinu

Margir krakkar og unglingar af Þjótandasvæðinu kepptu á vel heppnuðu unglingslandsmóti á Selfossi um verslunarmannahelgina. Hér verða birt úrslit úr frjálsum og glímu:

Frjálssar

Sunna skeggjadóttir	'99	80 m. hlaup	12,43 sek.	23. sæti	
		Langstökk	3,94m.	22. sæti	
		Kúluvarp	8,45m.	8. sæti	(2kg)
		Spjótkast	21,73m.	15. sæti	(400gr)
		Þrístökk	8,60m.	15. sæti	

Sunna var í 4x100m boðhlaupssveit HSK og þær hlupu á 55,18 sek. sem var nýtt unglingslandsmótsmet í flokki 13 ára stúlkna.

Eyrún Gautadóttir	'99	langstökk	3,83m.	27. sæti	
		Kúluvarp	6,88m.	29. sæti	(2kg)
		Spjótkast	20,16m.	19. sæti	(400g)
Jón Gautason	'95	Spjótkast	31,50m.	10. sæti	(700gr)
		Kringlukast	32,65m.	4. sæti	(1,5kg)
		Kúluvarp	10,69m.	7. sæti	(5kg)
Stefán Narfi Bjarnason	'00	Kúluvarp	9,15m.	1. sæti	(3kg)
Ýmir Atlason	'00	Spjótkast	19,62m.	21. sæti	(400gr)

Eyrún, Stefán og Ýmir kepptu auk þess í fótbolta og Eyrún varð unglingslandsmótsmeistari með sínu liði.

Glíma

Piltar 14 ára

Þorgils Kári Sigurðsson 2,5 vinningar 1. sæti

Jón Gunnþór Þorsteinsson 1 vinningur 3. sæti

Stúlkur 13- 14 ára

Hanna Kristín Ólafsdóttir 3 vinningar 1. sæti

Stelpur 15 ára

Guðrún Inga Helgadóttir 2 vinningar 1. sæti

Stelpur 17- 18 ára

Marín Laufey Davíðsdóttir 1 vinningur 2. sæti

Það voru margir keppendur úr Flóahreppi að keppa í öðrum greinum t.d. upplestri, fótbolta, körfubolta og hestaiþróttum en það er erfitt að gera því öllu skil hér í Áveitunni. Þeir sem vilja nálgast frekari úrslit geta farið á ulm.is.

Frá Umf. Vöku:

Aðalfundur Leikdeildar Umf. Vöku

Aðalfundur leikdeildar Umf. Vöku verður haldinn sunnudagskvöldið 28. október í Þjósárverri og hefst kl 20:30. Á fundinum verður farið í hefðbundin aðalfundarstörf og rætt um komandi leikár. Allir sem hafa áhuga á að taka þátt í starfi félagsins á næstu árum eru boðnir velkomnir og einnig gamlir velunnarar.

Stjórnin

Árgjald Umf. Vöku

Nú er komið að því að innheimta árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2012. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra.

Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti lyngh@emax.is

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir
Gjaldkeri Umf. Vöku

Góður árangur á héraðsmóti í starfsíþróttum

Héraðsmót í starfsíþróttum var haldið á Hellu 18. ágúst sl. samhliða Töðugjöldum. Keppt var í fjórum greinum og átti Vaka þar nokkra keppendur sem stóðu sig mjög vel.

Kristín Stefánsdóttir sigraði í jurtagreiningu með fullt hús stiga en með henni í liði voru bræðurnir Sigurjón og Unnsteinn Reynissynir. Þessi sama sveit keppti svo í fuglagreiningu og hafnaði þar í 7. –8. sæti. Margrét Harpa Guðsteinsdóttir keppti í pönnukökubakstri og náði öðru sæti eftir harða keppni við tengdamóður sína sem sigraði. Guðmunda Ólafsdóttir varð í þriðja sæti í pönnukökubakstri og 4. sæti í jurtagreiningu. Þessir fræknu liðsmenn náðu alls í 18,5 stig fyrir Vöku og höfðu í öðru sæti í stigakeppni félaga. Það voru heimamenn í Umf. Heklu sem unnu mótið.

Helgihald í Laugardælum, Hraungerði og Villingaholti Veturinn 2012-2013

7. október. Fjölskylduguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 13.30. Prestur sr. Óskar H Óskarsson. Von er á óvæntum gestum í heimsókn.

14. október. Messa í Villingaholtskirkju kl. 13.30. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík.

4. nóvember. Messa í Hraungerðiskirkju kl. 13.30. Prestur sr. Óskar H Óskarsson

2. desember, Aðventukvöld í Hraungerðiskirkju kl. 20.30. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík. Ræðumaður.

25. desember, jóladagur. Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11. Prestur sr. Óskar H. Óskarsson

25. desember, jóladagur. Hátíðarmessa í Laugardælakirkju kl. 14. Prestur sr. Óskar H. Óskarsson

26. desember, annar í jólum. Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík.

13. janúar. Fjölskylduguðsþjónusta í Villingaholtskirkju kl. 13.30. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík.

3. febrúar, Messa í Hraungerðiskirkju kl. 13.30. Prestur sr. Óskar H Óskarsson

31. mars, páskadagur. Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík

1. apríl, annar í páskum. Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11. Prestur sr. Óskar H. Óskarsson

14. apríl. Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju . Prestur sr. Gunnar Kristjánsson

20. maí. annar í hvítasunnu. Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11. Prestur sr. Óskar H. Óskarsson

Fjölskyldumessa á Fjöri í Flóa, nánar um stað og tíma síðar.

Prestar verða með söngsamverur í Flóaskóla á hvoru misseri fyrir sig í vikunni fyrir fjölskylduguðsþjónusturnar 7. okt og 13. jan.

Þá verður aðventuhátíð í Villingaholtskirkju með starfsfólki og nemendum Flóaskóla í miðri viku í byrjun aðventu.

Eins og komið hefur fram þá fór sr. Kristinn Á Friðfinnsson í ársleyfi þann 1. september s.l. og sr. Axel Árnason Njarðvík kom inn í afleysingu.

Við hlökkum til að sjá ykkur í kirkjunum okkar í vetur.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Haustfundurinn okkar verður haldinn sunnudagskvöldið 4. nóvember n.k. kl. 20.30 í Þjórsárveri. Á dagskrá fundarins verða venjuleg fundarstörf á haustfundi félagsins og vetrarstarfið rætt. Félagskonur eru hvattar til að mæta vel á fundinn. Einnig eru nýjar konur velkomnar í kvenfélagið okkar.

Með kveðju, stjórnin.

Kaffikonur á haustfundi: Christiane Grossklaus, Elfa Kristinsdóttir, Elín B. Sveinsdóttir, Þorbjörg Vilhjálmisdóttir.

Prjónakvöld

Kvf. Gaulverjabæjarhrepps og Kvf. Villingaholtshrepps standa fyrir prjónakvöldi þriðjudaginn 9. október n.k. kl. 20.00-22.00 í Ullarvinnslunni í Gömlu Þingborg.

Hvetjum alla áhugasama prjónara til að koma. Í Gömlu Þingborg er allt fullt af skemmtilegri prjónavöru, lopa og fallegu bandi og ýmsu öðru. Þar er örugglega hægt að fá innblástur fyrir næsta verkefni.

Kvenfélögin.

Haustfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps heldur haustfund sinn í Vatnsholti, fimmtudagskvöldið 1. nóvember kl. 20.00.

Á undan fundi verður boðið upp á súpu. Hvetjum félagskonur til að fjölmenna og eiga saman góða stund í góðum hópi. Þjóðum nýjar konur hjartanlega velkomnar í félagið, koma og fá súpu og kynna sér starf félagsins.

Ath. vinsamlega tilkynnið þátttöku á fundinn, til hagræðingar fyrir staðarhaldara í Vatnsholti. Sendist á netf. velli@emax.is

Stjórnin.

Kæru sveitungar!

Við í 8. og 9. bekk Flóaskóla stefnum að því að fara í námsferð til Danmerkur á vordögum skólans, 27. - 30. maí. Við höfum verið í bréfaskriftum við jafnaldra okkar í Valby Friskole sem er í Kaupmannahöfn. Þeir munu koma í heimsókn til okkar í apríl 2013 og við til þeirra mánuði seinna.

Okkur langar að leita til sveitunga okkar hvað varðar fjárstuðning með því að losaykkur við skilagjaldsskyldar umbúðir, þ.e. plastflöskur og áldósir. Við munum koma við hjá ykkur í kringum 15. október og svo aftur 15. desember og vonast eftir að fá svarta ruslapoka fulla af slíkum varningi.

Verið nú dugleg að drekka gos og styrkja okkur í leiðinni.

Með fyrirfram þökk,
nemendur 8. og 9. bekkja

Dagskrá mánaðarins

Æfing 5.-10.bekkur	2. október
Glímuæfing 14 ára og eldri	4. október
Tónleikar í Þjórsárveri	6. október
Fjölskyldumessa í Hraungerðiskirkju	7. október
Glímuæfing	8. október
Æfing 5.-10.bekkur	9. október
Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishr.	9. október
Þrjónakvöld í Gömlu-Þingborg	9. október
Glímuæfing 14 ára og eldri	11. október
Dirrindí í Félagslundi	13. október
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	14. október
Messa í Villingaholtskirkju	14. október
Glímuæfing	15. október
Æfing 5.-10.bekkur	16. október
Glímuæfing 14 ára og eldri	18. október
Glímuæfing	22. október
Æfing 5.-10.bekkur	23. október
Glímuæfing 14 ára og eldri	25. október
Söngkvöld í Þjórsárveri	27. október
Aðalfundur Leikdeildar Umf. Vöku	28. október
Glímuæfing	29. október
Æfing 5.-10. bekkur	30. október
Haustfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhr.	1. nóvember
Haustfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	4. nóvember